



Dagsetning:	29. nóvember 2012 Kl. 20:00
Fundarstaður	Golfskáli GKG, v/ Vífilstaðaveg, Garðabæ.
Fundarstjóri	Ari Bergmann Einarsson
Stjórnarmenn:	Guðmundur Oddsson, Kristinn Jörundsson, Bergþóra Sigmundsdóttir, Símon Kristjánsson, Áslaug Sigurðardóttir, Gunnar Jónsson, Gunnar Páll Þórisson, Einar Gunnar Guðmundsson, Jón K. Baldvinsson og Jónína Pálsdóttir.
Fundarritari:	Símon Kristjánsson

1. Fundarstjóri og fundarritari kosnir.

- Formaður setti fundinn formlega og bauð félagsmenn velkomna. Að því búnu stakk hann upp á Ara Bermann Einarssyni sem fundarstjóra. Var það samþykkt samhljóða. Fundarritari aðalfundar var síðan skipaður Símon Kristjánsson. Fundarstjóri kannaði því næst lögmeiti fundarins og úrskurðaði að löglega hefði verið til hans boðað.

2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.

- Guðmundur Oddsson formaður byrjaði á því að þakka þeim sem mættir voru á aðalfundinn, en um 75 félagar sátu aðalfundinn að þessu sinni. Því næst fór formaður yfir skýrslu stjórnar og bar þar hæst:
 - Fundarmenn vottuðu Ólafi E. Ólafssyni virðingu sýna með að rísa úr sætum
 - Haldnir voru 10 bókaðir stjórnarfundir og einn almennum félagsfundur á starfsárinu.
 - Formaður stiklaði á stóru og taldi að árið 2012 væri gott ár fyrir GKG rekstrarlega og golflega. Kynnti nýjan framkvæmdastjóra Agnar Mór Jónsson. GKG er rekin á skynsamlegum nótum og er sem næst skuldlaus klúbbur. Þakkaði öllum sem komu að ársskýrslunni. Nú er komið að næsta verkefni sem er að byggja nýja félagsaðstöðu GKG.
 - GKG í hnotskurn. GKG er félag sem veltir rúmum 191 milljónum á þessu ári og sér um rekstur á golfvöllum félagsins, Mýrinni og Leirdalnum og síðan rekum við inni aðstöðu fyrir féлага okkar í Kórnum í Kópavogi. Félagsgjöld eru 63.5 % af heildartekjum og tekjur af golfmótum hafa lækkað um 22.7 % milli ára. Allar fjárfestingar síðustu ára hafa verið staðgreiddar. GKG er vinnustaður fjölmargra starfsmanna. Þess má geta að vellirnir eru rúmlega 60 ha og við verðum að slá sumt daglega yfir sumarið. GKG er íþróttafélag sem hefur náð mjög góðum árangri í hinum ýmsu flokkum og hefur eignast 34 Íslandsmeistara í gegnum tíðina. Nú eru 1947 félagar á öllum aldri í GKG. Guðjón Henning og Ragna Björg urðu klúbbmeistarar GKG 2012. GKG tekur við börnum frá 6 ára aldri og í ár voru 10 ára og yngri 119. Í sumari voru 550 krakkar á námskeiðum og 25 manns sáum námskeiðin.
 - Íslandsmeistarar 2012
 - Sveit GKG varð Íslandsmeistari í 1. deild karla
 - Ragnar Mór Garðarsson varð Íslandsmeistari í högguleik í flokki 17 – 18 ára
 - Sveit GKG varð Íslandsmeistari pílta 16 -18 ára
 - Gunnhildur Kristjánsdóttir varð Íslandsmeistari í holukeppni stúlkna 15-16 ára
 - María Guðnadóttir Íslandsmeistari eldri kylfinga 50+
 - Jónína Pálsdóttir Íslandsmeistari í 2.fl.kvenna 35+

- Glæsilegt afrek Árangur Ragnars Más Garðarssonar stendur upp úr á árinu, en hann sigraði á Duke of York Young Champions mótinu, þar sem einungis landsmeistarar víðsvegar að úr heiminum mæta. Það má því segja að þetta sé eitt sterkasta mót sem völ er á fyrir 18 ára og yngri.
- Samskipti við sveitarfélögin. Fáum vonandi lóð fyrir félagsaðstöðuna í byrjun árs 2013. Fjárfestingaráætlun GKG 2013 – 2017 hefur verið send á Garðabæ og Kópavog þar sem kemur fram framtíðar uppbygging GKG.
- Því næst þakkaði formaður meðstjórnarmönnum, öllum nefndarformönnum og nefndarmönnum fyrir samstarfið á liðnu ári. Hann þakkaði sérstaklega öllu starfsfólki, framkvæmdastjóra, vallarstjóra og kennurum fyrir ánægjulegt samstarf á árinu.

3. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykkis

- Kristinn Jörundsson gjaldkeri fór yfir reikninga klúbbsins fyrir starfsárið 2011 – 2012 og útskýrði þá. Hagnaður klúbbsins var kr. 7.734.891.
- Fundarstjóri bar skýrslu stjórnar og ársreikninga félagsins upp til umræðna og gaf orðið laust
 - Rætt var um leiguna sem rennur til starfsmannafélags LSH og var gjaldkeri bjartsýnn á að GKG losnaði við þessa leigu á næstunni.
 - Það kom fram að reikningar verða aðgengilegir á heimsíðu GKG
 - Spurt um bolta og kerruleigu og kom fram að boltaleiga var um kr. 4.000.000 og bíla og kerruleiga um kr. 1.600.000.
 - Spurt um gjöld til GSÍ en allir félagsmenn eldri en 18 ára greiða ákveðið gjald til GSÍ.
- Reikningarnir voru því næst bornir upp til atkvæða og þeir samþykktir samhljóða.

4. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt.

- Gjaldkeri kynnti tillögu stjórnar að fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og tók fram að áætlun væri mjög hófleg. Í henni er gert ráð fyrir að heildartekjur næsta starfsárs verði svipaðar og árið 2012. Áætlunin er byggð á þeim forsendum að félagsgjöld verði kr. 82.000 fyrir fullborgandi kr. 52.500 fyrir 67 ára og eldri og óbreytt hjá öðrum. Inntökugjald verði kr. 20.500 á næsta ári. Gert er ráð fyrir launahækkun á árinu.
- Fundarstjóri bar því næst fjárhagsáætlunina upp til umræðu.
- Félagsgjöldin og inntökugjaldið var borið undir fundinn og samþykkt með þorra atkvæða tveir voru á móti.

5. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn

- Formaður kjörnefndar Steinar J. Lúðvíksson gerði grein fyrir því að hér áður hafi kjörnefnd verið fjölmenn og mikil vinna hjá nefndarmönnum. Í nefndinni núna er Steinar aðeins einn eftir. Nú eru flestir fyrrverandi kjörnefndarmenn komnir í stjórn GKG. Í dag er eftirsótt að vera í stjórn GKG. Kjörnefnd hefur verið ánægð með núverandi stjórn en telur gott að endurnýja í stjórninni innan ákveðinna marka. Kjörnefnd bar upp tillögu sína að formanni til næsta árs. Kjörnefnd kom með tillögu um Guðmund Oddsson sem formann og var tillagan samþykkt með lófaklappi.
- Því næst bar kjörnefnd fram tillögu sína að stjórnarmönnum til 2 ára. Þeir voru Bergþóra Sigmundsdóttir, Kristinn Jörundsson og Símon Kristjánsson. Fundarstjóri óskaði eftir öðrum framboðum úr sal sem reyndust ekki vera. Því næst var gengið til atkvæða um tillögu kjörnefndar og var hún samþykkt samhljóða.

- Kjörnefnd tilnefndi Einar Gunnar Guðmundsson, Jón K. Baldvinsson og Ragnheiði Stephensen til að sitja sem varamenn í stjórn til eins árs. Var tillagan samþykkt samhljóða.
- Úr stjórn gekk Jónína Pálsdóttir.

6. Kosning tveggja endurskoðenda.

- Félag skjörnir skoðunarmenn reikninga til næsta fundar voru kosnir þeir Ólafur Nilsson og Steinar J. Lúðvíksson með lófaklappi.

7. Önnur mál.

- Nýkjörinn formaður Guðmundur Oddsson kvaddi sér hljóðs á ný og þakkaði fundarmönnum stuðninginn og traustið jafnframt því sem hann bauð nýjan stjórnarmann velkomna til starfa og þakkaði stjórnarmönnum góð störf og Jónínu Pálsdóttir fyrir samstarfið.
- Fundarstjóri gaf orðið því næst laust undir liðnum önnur mál.
 - Agnar Már Jónsson framkvæmdastjóri fór yfir gæða og þjónustukönnun sem gerð var meðal félagsmanna nú í haust. Úrtakið var 1.300 og svarhlutfall var 43,8% og skipting milli kynja, aldurs og forgjafar lýsti mjög vel samsetningu klúbbsins. Könnunin sýndi að félagsmenn leggja mesta áherslu á áframhaldandi snyrtimennsku, en þær athugasemdir, sem komu fram snéru að nýju klúbbhúsi, æfingasvæðinu og margir óskuðu eftir að bílastæði yrði stækkað. Það sem kom á óvart var léleg svörun hjá þeim yngstu sem eru líklega ekki að lesa tölvupóst lengur nota eitthvað annað. Skoða þarf hvaða möguleikar eru fyrir næsta ár. Könnunin verður sett á heimasíðuna og geta félagsmenn nálgast hana þar.
 - Spurt var af hverju væri ekki kannað viðhorf til símsvörunar hjá GKG. Agnar mun skoða það fyrir næsta ár.
 - Spurt var hvort ekki væri hægt að hafa hópnámskeið með kennara fyrir t.d 40 ára og eldir. Þetta verður skoðað.
 - Það kom fram að kvennanefndin hefur verið með hópakennslu aðallega inni.
 - Spur var hvort hægt væri að svara oft frá sömu tölvu og niðurstaða er að svörun tengist netfangi.
 - Spurt var hvort ekki þyrfti að vera með inniæfingaaðstöðu í framkvæmdaáætlun GKG. Í svari formanns koma fram að gert er ráð fyrir kr. 200.000.000 í æfingaaðstöðu á næstu árum og á eftir að útfæra það nánar. Einnig kom fram hjá Úlfari Jónssyni að GKG er með eina bestu innanhúsaðstöðu á landinu.
 - Spurt var hvort ekki sé hægt að hafa félagsheimilið opið um helgar og jafnvel að félagsmenn bæru ábyrgð á þeirri vinnu. Þetta þarf að skoða.
 - Bergþóra Sigmundsdóttir þakkaði Steinari og Gullveigu fyrir frábæra bók um sögu golfsins og benti félögum á að þetta væri jólabókin í ár.
 - Það kom fram hjá formanni að ársskýrsla GKG verði send í pósti til félagsmanna (önnur) þetta árið, en það hefur ekki verð gert áður. Þ.e önnur jólabók þetta árið.
 - Guðmundur Oddsson formaður þakkaði fundarstjóra fyrir góða fundarstjórn og fundarmönnum fyrir góðan fund og sleit fundi.

Ekki var fleira á dagskrá fundarins og honum því slitið klukkan 21:45